

**40** **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Akureyri um innflutning á svinum.**  
21. apríl

Stjórnarráðinu hefur frá Sigurði skólastjóra Sigurðssyni á Hólum í Hjalta-  
dal borizt beiðni um, að honum verði leyft að flytja 4 svin frá Danmörku eða  
Noregi til Akureyrar á þessu sumri.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Suður- og Vesturömtunum um  
þetta mál, hefur stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóvbr. f. á. veitt  
leyfi til þessa með eptirfarandi skilyrðum.

1. Að svinin sjeu frá Danmörku og flutt þaðan og komi ekki á land í  
öðrum löndum á leiðinni;

2., að þeim fylgi vottorð löggilts dýralæknis í Danmörku um það, að  
þau hafi verið fyllilega heilbrigð, er þeim var skipað þar út og að þau hafi ekki  
síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klovesyge«,  
»Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«, og

3., að svinin verði flutt með skipi, sem fyrst kemur til Reykjavíkur  
(strandferðaskipunum) og nefndur dýralæknir skoði þau þar um borð á skipinu  
og finni ekkert að athuga við heilbrigði þeirra.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermed til vitundar gefið til leiðbein-  
ingar, að því viðbættu að Sigurði Sigurðssyni hefur hjedan verið tilkynt leyfi þetta.

**41**  
26. marz

## Hafnarreglugjörð

fyrir

### Seyðisfjardarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefur 26. marz 1906 gefið út svofellda hafnarreglugjörð  
fyrir Seyðisfjardarkaupstað.

#### I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld  
eru til lestatala, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal  
greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, er þau í fyrsta  
sinn á árinu leggjast á höfnina, eptir að þau hafa komið frá Danmörku eða  
útlöndum. Þrjú næstu skiptin, er þau á sama ári leggjast á höfnina, greiða þau  
hálfu hafnargjald í hvert skiptið, en komi þau optar á sama ári, skulu þau ekkert  
gjald greiða. Skip, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, greiða einnig 5 aura í  
hafnargjald af hverri smálest, en aðeins þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa  
akkerum á höfninni. Gjald þetta rennur í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

Þá er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 5 aura **41**  
af hverri smálest skipsins. 26. marz

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið leggst fyrir innan beina stefnu frá Grýtá í Grjótgarða.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

## II. Um undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemmtiskip, hvernar þjóðar sem eru.
2. Öll skip danskra þegna, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir.
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau aptur flytja burt farminn og eigi annað.
4. Skip, er leita hafnar í þeim erindum að leggja, líta eptir eða gjöra að sæsimum milli Íslands og útlanda eða innanlands.

## III. Um notkun hafnarinnar.

Skip mega ekki varpa akkerum á höfninni, þar sem sæsímanum er hætta búin af þeim, og verða í þeim efnunum að hlíta ákvörðunum hafnarefndarinnar.

## IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins, annarstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni, nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Hafnarreglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1906, og skal endurskoða hana fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 26. marz 1906.

**H. Hafstein.**

---

*Jón Hermannsson.*